

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/221**2018/EES/49/14****frá 15. febrúar 2018****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum m-lið 23. gr. a,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 32. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. sú sem ber ábyrgð á smitandi svampheilakvilla.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla sem og sértæk verkefni hennar.
- 3) Tilnefning tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla, sem er sem stendur staðsett í Bretlandi, verður afnumin 31. desember 2018 sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- 4) Nauðsynlegt er að hafa áfram tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla í því skyni að tryggja mikil gæði og áreiðanleika aðferða til að greina smitandi svampheilakvilla sem og að tryggja samræmda beitingu þeirra í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin auglýsti því 29. maí 2017 eftir umsóknum til að velja og tilnefna tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla. Að valferlinu loknu ættu valin samtök Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA) og Istituto Superiore di Sanità (ISS), undir stjórn þeirra fyrrnefndu, að vera tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla.
- 5) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 999/2001 og (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 6) Til að koma í veg fyrir röskun á starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla og til að gefa nýtilnefndri tilvísunarrannsóknarstofu ESB nægilegan tíma til að verða að fullu starfhæf, þykir rétt að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gildi frá og með 1. janúar 2019.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. liðar í B-kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„1. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla eru samtök Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA) og Istituto Superiore di Sanità (ISS), undir stjórn IZSPLVA:

Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA)

Via Bologna 148

10154 Torino

Ítalía

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjúd. ESB L 43, 16.2.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjúd. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Stjúd. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

Istituto Superiore di Sanità (ISS)
Viale Regina Elena 299
00161 Roma
Ítalía“.

2. gr.

Í stað 13. liðar í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi eftirfarandi:

„13. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla**

Rannsóknarstofan sem um getur í 1. lið B-kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
